

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. maí 2017  
UST201705-018/B.S.  
08.12.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Seiðaeldisstöð á Árskógssandi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða framkvæmd sem áður var ætlaður staður við Þorvaldsdalsárós og að álitni Skipulagsstofnunar var talið að framkvæmdir við ósinn gætu haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Nú er tilkynnt ný tilhögun framkvæmdarinnar sem felst í því að starfsemin verður flutt að hluta á núverandi iðnaðarlóð innan þéttbýlis við Árskógssand og að hluta á nýja landfyllingu við hafnarsvæðið. Ráðgert er að taka vatn úr borholum og úr Þorvaldsdalsá. Heimilt er að taka úr ánni allt að 100 l/sek í febrúar, mars og apríl, en 180 l/sek aðra mánuði ársins. Lífríki árinna er talið fábreytt og er ekki talið að vatnstakan muni hafa neikvæð áhrif á það.

Ráðgert er að hreinsa frárennsli með tromlum og að endurnýta að lágmarki 70% eldisvökvans.


Fyrstu 4-5 árin eða til ársins 2020 er áætlað að lífmassi verði á bilinu 600-800 tonn en sótt verður um leyfi til að framleiða allt að 1.200 tonna lífmassa á ári.


Við hámarksframleiðslu er áætlað að stöðin muni losa í viðtaka eftir hreinsun um 45 tonn af köfnunarefni og 7 tonn af fosfór á ári. Talið er að frárennsli frá stöðinni muni þynnast út í 1.000.000 m<sup>3</sup> af sjó á sólarhring.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Bent skal á að sækja þarf um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og leggja fram vöktunaráætlun til samþykktar hjá stofnuninni.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri